



Velferðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

13. janúar 2016

Efni: Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta um frumvarp til laga um húsnæðisbætur (heilðarlög), 145. löggjafarþing 2015-2016. Þingskjal nr. 565 - 407. mál

Landssamtök íslenskra stúdenta telja óviðunandi að námsmönnum á háskólastigi sé mismunað eftir því hvernig búsetuform þeir búa við. Í athugasemdum með frumvarpi þessu virðist gert ráð fyrir að frumvarpið sé námsmönnum sem leigja saman á til hagsbóta en þegar litið er til lagatextans sjálfs er ekki að sjá að gert sé ráð fyrir öðru búsetuformi námsmanna en á stúdentagörðum. Landssamtök íslenskra stúdenta lýsa því yfir vonbrigðum með að í hinu nýja frumvarpi sé ekki gert ráð fyrir því að námsmenn sem neyðast til þess að búa á hinum almenna húsaleigumarkaði geti þegið húsnæðisbætur, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Staðan er sú að einungis lítill hluti háskólanema getur nýtt sér þau úrræði sem í fyrrnefndum c- lið. 11. gr. frumvarpsins eru kölluð „sambýli námsmanna á heimavistum eða námsgörðum sem tengjast viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis á Íslandi.“ Því deila margir námsmenn húsnæði á almennum leigumarkaði af illri nauðsyn. Vegna félagslegra aðstæðna námsmanna og vegna þess að ekki er nægilegt framboð af húsnæði á stúdentagörðum er nauðsynlegt að undanþága c-liðar. 11. gr. frumvarpsins einskorðist ekki við heimavistir eða námsgarða. Mál þetta hefur verið til umræðu á hverju þingi frá árinu 2011 og hefur fengið jákvæða umsögn í meðförum velferðarnefnda fyrri ára. (Sjá til dæmis 211. mál, lagafrumvarp. 144. löggjafarþing 2014-2015.)

Samtökin leggja því til eftirfarandi viðbót við frumvarpið til þess að jafnræði sé tryggt:

11. gr. Undanþága frá skilyrðum um íbúðarhúsnæði

c. sambýli námsmanna á heimavistum eða námsgörðum sem tengjast viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis á Íslandi.

d. sambýli námsmanna í leiguhúsnæði á almennum markaði enda liggja fyrir þinglýstur leigusamningur um húsnæðið og staðfesting á skólavist.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka íslenskra stúdenta
Nanna Elísa Jakobsdóttir